

STJÓRNARFUNDUR Í SAL FRÆÐASETURS HÍ Á SKAGASTRÖND FÖSTUDAGINN 11.NÓVEMBER 2011

Föstudaginn 11. nóvember 2011 kom stjórn SSNV saman til fundar í sal Fræðaseturs HÍ á Skagaströnd. Mætt voru: Bjarni Jónsson, Sigurjón Þórðarson, Ágúst Þór Bragason, Adolf H. Berndsen, Skúli Þórðarson og Jón Óskar Pétursson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Guðmundur Guðmundsson frá Bygðastofnun boðaði forföll.

Formaður Bjarni Jónsson setti fund og stjórnaði.

- 1. Fundargerð síðasta fundar.** Lögð frem til kynningar. Í framhaldi af umræðu á síðasta stjórnarfundum greindi formaður frá samtölum við fjármálaráðherra um myndun starfshóps SSNV og fulltrúa ráðuneyta sem fjalla skal um erfiða stöðu Norðurlands vestra. Málið var einnig rætt á fundi með þingmönnum NV kjördæmis þann 26. október s.l. Formaður greindi frá samtölum við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar um myndun starfshóps vegna erfiðrar stöðu svæðisins. Lögð fram drög að bréfi sem sent verður oddvitum ríkisstjórnarinnar. Umræður urðu um málið. Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.
- 2. Breytingar á úthlutun safnliða – aukið hlutverk menningarráða landshlutana – Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi mætir til fundarins.**
Framkvæmdastjóri og menningarfulltrúi fóru yfir fund með fulltúrum mennta og menningarmálaráðuneytisins þar sem ræddar voru hugmyndir af skiptingu viðbótarfjármagns til menningarsamninga í kjölfar ákvörðunar um breytingu úthlutun safnliða fjárlaga. Samkvæmt hugmyndum ráðuneytisins eru til skiptana 82,7 milljónir sem skipta á milli menningarsamninga landshlutanna. Kynntar voru þrjár hugmyndir ráðuneytisins um skiptingu fjármagnsins. Framkvæmdastjóri kynnti auk hugmynd um nýja skiptireglu sem byggir sömu hugmyndafræði og skiptireglu vaxtarsamninga. Miklar umræður urðu um mismunandi aðferðir. Eftirfarandi bókun var samþykkt.
Stjórn SSNV skorar á fjárlaganefnd og mennta og menningarmálaráðuneytið að standa við fyrri yfirlýsingar um að fjármagn til viðbótar menningarsamninga taki mið af sömu fjárhæð og var árið 2011, eða 129,7 milljónir. Stjórnin minnir á óréttláta núverandi skiptingu framlaga til menningarsamninganna og telur mikilvægt að skiptireglan verði endurskoðuð.
- 3. Almennings-samgöngur á Norðurlandi vestra – umræður um samningsgerð.**
Lögð fram samningsdrög við vegagerðina um Almennings-samgöngur á Norðurlandi vestra. Í samningnum, sem gilda mun frá 01.01. 2012 til 31.12. 2018, mun Vegagerðin greiða um 20 milljónir króna árlega í styrk vegna fólksflutninga á Norðurlandi vestra. Styrkfjárhæð er tekur mið af verðlagi fyrsta janúar ár hvert. Samningurinn er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara og skal uppsögn miðast við áramót. Samningurinn tekinn umræðu og samþykktur að hálfu stjórnar með þeim fyrirvara um að samskonar samningar verði gerðir við Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Eyþing. Formanni og framkvæmdastjóra veitt heimild til undirritunar samningsins þegar heildarsamningar um almennings-samgöngur á Vesturlandi og á Norðurlandi vestra liggja fyrir.
- 4. 9. Mánaða fjárhagsyfirlit SSNV 2011.** Lagt fram til kynningar, framkvæmdastjóri skýrði einstaka þætti. Niðurstöður eru að mestu í samræmi við áætlun.

5. SSNV – atvinnuþróun

- a. **9. Mánaða fjárhagsyfirlit 2011.** Lagt fram til kynningar, framkvæmdastjóri skýrði einstaka þætti. Niðurstöður eru að mestu í samræmi við áætlun.
- b. **Dagur atvinnulífsins – val á handhafa hvatningarverðlauna SSNV atvinnuþróunar 2011.** Stjórn samþykkir að verslunin Hlíðarkaup á Sauðárkróki hljóti hvatningarverðlaun SSNV atvinnuþróunar 2011. Verðlaunin verða afhent á Degi atvinnulífsins á Norðurlandi vestra sem haldinn verður á Sauðárkróki fimmtudaginn 17. Nóvember 2011.
- c. **ANUGA 2011.** Framkvæmdastjóri skýrði frá ferð til Þýskalands á matvælasýninguna ANUGA 2011 sem hann fór í byrjun október s.l.

6. Bréf og fundargerðir

- a. **Snorraverkefnið 7. nóvember 2011.** Í bréfinu er óskað stuðning við Snorraverkefnið árið 2011. Stjórn SSNV sér sér ekki fært að styðja við verkefnið.
- b. **Umhverfisráðuneytið vegna skipulagsreglugerðar 3. nóvember 2011.** Framkvæmdastjóra falið að veita umsögn um skipulagsreglugerð.
- c. **Skipulagsstofnunar vegna landsskipulagsgerðar 25. október 2011.** Í bréfinu er óskað eftir etir tilnefningum fulltrúa í samráðsvettvang um mótun landsskipulagsstefnu. Stjórn samþykkir að tilnefna Ágúst Þór Bragason og Bjarna Jónsson.
- d. **Hreppsnefndar Húnavatnshrepps 3. nóvember 2011.** Í bréfinu er því fagnað að Hálendismiðstöð á Hveravöllum sé eitt af forgangsmálum Norðurlands vestra í sóknaráætlun landshluta. Lagt fram til kynningar.
- e. **449. fundargerð stjórnar SASS.** Lögð fram til kynningar
- f. **Aðalfundargerð SASS 2011.** Lögð fram til kynningar.
- g. **Aðalfundargerð SSH 2011.** Lögð fram til kynningar.

7. Önnur mál

- a. **Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.** Umræður urðu um aukaframlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. *Stjórn SSNV mótmælir áformum um að verja 300 milljónum af 700 milljóna aukaframlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til aðstoðar við eitt sveitarfélag í skuldavanda. Stjórnin minnir á að upphaflegur tilgangur aukaframlagsins var að jafna aðstöðumun þeirra sveitarfélaga sem glímt hafa við búseturröskun og lækkandi tekjustofna. Það er fullkomlega óásættanlegt að þau sveitarfélög sem notið hafa aukaframlagsins undanfarin ár þurfi ein og sér að standa undir kostnaði við aðstoð við sveitarfélög í skuldavanda.*
- b. **Samgöngumál.** Umræður urðu um samgöngumál og eftirfarandi ályktun samþykkt. *Stjórn SSNV leggur þunga áherslu á að við gerð Samgönguáætlunar 2011-2022 verð horft til þess að um langt árabil hafi mikilvægar samgönguframkvæmdir á Norðurlandi vestra ekki náð fram að ganga. Ekki er ásættanlegt að öllu framkvæmdafé verði veitt til stórframkvæmda á kostnað brýnna verkefna á sviði viðhalds vegakerfisins sem eru látin sitja á hakanum.*



- c. **Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi.** Umræður urðu um aðkomu sveitarfélagana á Norðurlandi vestra að Markaðsstofunnar. Samþykkt að fá framkvæmdastjóra Markaðsstofnna á fund með stjórn SSNV og fulltrúum sveitarfélagna á Norðurlandi vestra. Framkvæmdastjóra falinn undirbúningur fundarins.
- d. **Kynning á starfsemi Fræðaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra – Lára Magnúsardóttir forstöðumaður.** Lára kynnti starfsemi Fræðaseturs HÍ á Norðurlandi vestra, uppbyggingu og framtíðarmöguleika.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:00

Jón Óskar Pétursson fundarritari